



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Fundur haldinn 28. ágúst 2002 kl. 13.30 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Steingrímur Ari Arason, Jón Sveinsson og Skarphéðinn Berg Steinarsson.

1. Landsbanki Íslands hf.

Benedikt Árnason og Þorgeir Örlygsson mættu á fundinn.

Til fundarins voru boðaðir hver á eftir öðrum fulltrúar þeirra þriggja aðila sem nefndin á í viðræðum við um kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands.

A. Eignarhaldsfélagið Andvaka, Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Kaupfélag Skagfirðinga svf., Samskip hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn.

Á fundinn mættu Ólafur Ólafsson, Óskar Gunnarsson og Kristinn Hallgrímsson.

Kynning í liðinni viku á starfsemi Landsbankans tókst vel. Telja sig hafa fengið þær upplýsingar sem þeir þurfa fram að því að þeir fá stöðu innherja.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

Upplýst um að tveir erlendir bankar hefðu sýnt áhuga á að koma að málinu sem ráðgjafar eða fjárfestar. Spurt hvort það breyti stöðu hópsins ef breytingar verða á skipan hópsins með þeim hætti. ÓD sagði svo ekki vera. Frekar væri gefinn plús fyrir erlenda peninga, eins og það var orðað.

B. Kaldbakur hf.

Á fundinn mættu Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Eiríkur S. Jóhannsson, Tryggvi Haraldsson og Kari Arnór Karason.

Fulltrúar Kaldbaks lýstu ánægju með kynningarfund Landsbankans í liðinni viku.

Fram kom hjá Eiríki sú athugasemd að breyting sem verða kann á eignarhaldi á VÍS þarf ekki að þýða breytingu á áhuga þeirra á kaupum hlutabréfa í Landsbankanum. Þetta sagði hann í framhaldi ummæla á síðasta fundi aðila.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

C. Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson.

Á fundinn mættu Björgólfur Thor Björgólfsson, Andri Sveinsson og Þór Kristjánsson.

Rætt um kynningarfund þeirra með Landsbankanum í síðustu viku. Tókst vel.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

Rætt um tímasetningar. ÓD upplýsti að stefnt væri að því að viðræður við einn aðilanna þriggja hefjist í lok næstu viku.

Björgólfur vildi áréttta að framtíðarsýn kaupenda kynni að breytast eftir því sem liði á söluférlinn.

SBS 4. september 2002